

# Ársskýrsla og reikningur 2015



Aðalfundarfulltrúar KGSÍ á Hótel Natura, laugardaginn 8. maí 2015.

## Kirkjugarðasamband Íslands

Maí 2016

## Efnisyfirlit:

Skýrsla stjórnar KGSÍ .....	bls. 3 - 15
Dagskrá aðalfundar á Siglufirði 28. maí 2016 .....	bls. 16
Fjárhagsáætlun KGSÍ 2016 .....	bls. 17
Uppgjör 2015 frá Fjársýslu ríkisins .....	bls. 18
Bréf frá formanni KGSÍ til innanríkisráðherra .....	bls. 19 – 20
Bréf frá kirkjugarðaráði til formanns KGSÍ .....	bls. 21
Bréf frá formanni KGSÍ til skrifst.stj. innanr.r.n. ....	bls. 22 – 23
Ársreikningur KGSÍ og In Memoriam ehf 2015 .....	bls. 24
(sjá efnisyfirlit þar)	

# Ársskýrsla KGSÍ 2015

## 1. Framlag til kirkjugarða landsins árið 2015

Framlag ríkisins til kirkjugarða landsins fyrir árið 2015 var kr. 997.600.000. Vegna erfiðrar stöðu ríkisfjármála hefur framlagið verið skert á árabílinu 2009 til 2015. Einingaverð umhirðu og grafartöku hefur af þeim sökum lækkað gríðarlega frá 2009 miðað við hækkun kaupgjalds og verðlags. Þegar líða tók á árið 2015 kom „rautt flagg“ frá ráðherranefnd þeirri sem var að rannsaka fjárhag kirkjugarða. Í ljós kom að reiknivilla sem gerð var 2009 hafði á árunum 2009-2015 haft af kirkjugörðum 133 m.kr. Þessi upphæð var sett inn í fjárukalög og var laust eftir áramótin 2015 og 2016 greidd til kirkjugarða landsins og bókfærast sú upphæð sem óreglulegar tekjur með árinu 2015.

Ríkisframlagið 2015 var 997.600.000 og er skiptingin þessi:

Kirkjugarðasjóður .....	kr. 84.796.000
Umhirðusjóður .....	kr. 689.908.724
Grafarsjóður .....	kr. 186.458.755
<u>Bálstofan í Fossvogi .....</u>	<u>kr. 36.436.521</u>
<b>Samtals framlag 2015 .....</b>	<b>kr. 997.600.000</b>

Framlag ríkisins árið 2014 var með framlagi í kirkjugarðasjóð kr. **960.300.000** og var hækkunin 3,88% milli árána 2014 og 2015. Stærstur hluti gjalda hjá kirkjugörðum er launakostnaður (um 70% hjá stærri gördunum). Á sama tíma hækkaði launavísitalan um 7,13%<sup>1</sup>. Samningurinn milli ríkisins og kirkjugarðaráðs frá 2005 gerir ráð fyrir hækkun einingaverða (umhirðugjald, greftrunargjald og bálstofa) með þeim hætti að stækkun grafarsvæða og aukinn fjöldi jarðsetninga hækka framlagið umfram verðlagsbreytingar (almenn þróun verðlags og launa). Þó að einingaverðin hafi nú verið að hækka á milli ára eru þau enn skert vegna „hagræðingarkröfu“ ríkisstjórnarinnar og framlögin lækkuðu á árunum þar á undan og hefur sú skerðing ríkisins ekki verið leiðrétt og er varanleg. Þess vegna þarf að endursemjja um framlag til kirkjugarða.

Í töflunni hér fyrir neðan kemur fram hver þróun einingaverðs hefur verið frá árinu 2008 til 2015 á móti hækkun byggingarvísitölu. Stjórn KGSÍ spyr: Hvernig á að vera hægt að veita lögbundna þjónustu eftir að slíkt misgengi hefur átt sér stað?	2008	2015	Hækkun %
<b>Breyting á framlagi til kirkjugarða og breyting bygg.v.t. frá 2005-2015</b>			
Einingakostnaður umhirðu (kr/m <sup>2</sup> )	543 kr	579 kr	6,63
Einingakostnaður vegna grafartöku (kr/kistuþróf)	96.829 kr	103.401 kr	6,79
Einingakostnaður vegna líkbrennslu	61.535 kr	65.712 kr	6,79
<b>Byggingarvísitala (424,7 stig í júní 2008 og 617,3 í júní 2015)</b>	<b>424,7</b>	<b>617,3</b>	<b>45,35</b>

<sup>1</sup> Launavísitalan var 482,7 stig í júní 2014 og 517,1 stig í júní 2015.

## Fjáraukalög 2015 – leiðrétting á reiknivillu frá 2009

Reiknivillan dreifist á 7 ár og er vægi hennar mismikið, allt frá 2,1 m.kr. 2009 til 33,9 m.kr. 2015<sup>2</sup>:

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
<sup>1)</sup> Leiðrétting á útreikningi á samkomulagi							
Reiknað framlag	929,9	919,8	885,6	904,0	945,4	976,6	1.031,5
Leiðrétt framlag m.v. fjárheimild	-2,1	-18,6	-25,1	-16,8	-20,5	-16,0	-33,9
Leiðrétt í fjáraukalögum							133,0
	927,8	901,2	860,5	887,2	924,9	960,6	1.130,6

Upphæðin kemur öll til greiðslu 2015 og raskar þar af leiðandi tekjum kirkjugarða það árið. Ef upphæðinni er jafnað á árin 7, er meðaltal endurgreiðsla 19 m.kr. til allra garða landsins. Þessi leiðrétting, þó að kærkomin hafi verið, breytir litlu um rekstrarskilyrði kirkjugarða þessi ár. Fjáraukalögin 2015 voru annars vegar leiðrétting á villu í reiknilíkani fjármálaráðuneytis og hins vegar óútskýrð millifærsla að upphæð 12,9 m.kr. Frá fyrra ári (2014) var flutt mínustala að upph. kr. 499.998. Viðskiptareikningur við ríkissjóð árið 2015 heimilaði fjárhæð að upphæð 1.143.000.002 kr. (sjá fylgiskjal frá Fjársýslu ríkisins aftan við skýrsluna). Áður voru greiddar 997.600.000 kr. og voru eftirstöðvar um áramótin því 145.400.002 kr. og var þeim skipt þannig:

Framlag kirkjugarðsgjalds 2015 - fjáraukalög				
	Samtals framlag að meðtöldu gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals framlag að frádrögnum gjaldi í kirkjugarðasjóð	Samtals 8,5% gjald í kirkjugarðasjóð	Greitt á reikning nr.:
Framlag vegna fastakostnaðar	116.320.002	106.432.802	9.887.200	0301-13-110560
Framlag vegna grafartöku	23.264.000	21.286.560	1.977.440	0301-13-110561
Framlag vegna líkbrennslu	5.816.000	5.321.640	494.360	0301-13-110564
Samtals:	<b>145.400.002</b>	<b>133.041.002</b>	<b>12.359.000</b>	

Gjald í kirkjugarðasjóð fer inn á sama reikning og verið hefur.

## 2. Hlutverk KGSÍ við útreikninga á framlagi ríkisins til kirkjugarða

Tekjur kirkjugarða byggjast að verulegu leyti á framlagi ríkisins og hér að neðan er því lýst með hvaða hætti þessar tekjur rata til kirkjugarða landsins og presta sem fá greitt fyrir þjónustu við útfarir:

1. Fjármálaráðuneyti gefur KGSÍ upp endanlegt framlag ríkisins til kirkjugarðamála á komandi ári þegar sú tala liggur fyrir í fjárlögum (desember).
2. KGSÍ lætur reikna út greftrunargjald og umhirðugjald og miðar við framlag ríkisins. Stjórn KGSÍ leggur síðan til við kirkjugarðaráð hversu há einingaverðin geti verið. Greftrunargjaldið er síðan endanlega ákveðið af kirkjugarðaráði í upphafi hvers árs og fer það eftir því hvar kirkjugarðurinn

<sup>2</sup> Tekið upp úr skýrslu nefndar sem fjallaði um fjármál kirkjugarða og skilaði af sér í mars sl.

er staðsettur. Á heimasíðunni [www.gardur.is/2016](http://www.gardur.is/2016) má finna í hvaða flokki viðkomandi kirkjugarður er á yfirstandandi ári og hvað hann fær fyrir grafartöku. Greftrunargjald er greitt eftir að viðkomandi kirkjugarðsstjórn eða fulltrúi hennar hefur fyllt út jarðsetningarskýrslu á vefnum [gardur.is](http://gardur.is) og viðkomandi prestur hefur fyllt út dánarskýrslu. Umhirðugjald er greitt eftir stærð og staðsetningu grafarsvæða.

3. KGSÍ útbýr mánaðarlega skiptingu á fjárhæðinni, þ.e.a.s. hvað hver fær mánaðarlega á greiðsluári:
  - a) Kirkjugarðasjóður fær 8,5% af heildarframlagi beint frá Fjársýslu ríkisins.
  - b) Greftrunarsjóður v/greftrana.
  - c) Umhirðugjald til kirkjugarða landsins.
  - d) Framlag til bálstofu í Fossvogi.
4. Fjársýsla ríkisins sendir framlag ríkisins inn á bankareikninga KGSÍ 15. hvers mánaðar.
5. KGSÍ greiðir 15. hvers mánaðar:
  - a) **umhirðugjaldið** inn á reikninga kirkjugarða,
  - b) **greftrunargjaldið** til þeirra kirkjugarða sem senda inn jarðsetningarskýrslur á [gardur.is](http://gardur.is) í mánuðinum á undan og þóknun til presta fyrir þjónustu við útfarir,
  - c) inn á reikning **bálstofunnar** í Reykjavík.

Eins og áður sagði hefur einingaverðið ekki fylgt þróun kaupgjalds og verðlags á undanförunum árum og er nú svo komið að erfitt er fyrir kirkjugarða að greiða greftrunarkostnað og kostnað vegna prestsþjónustu við útfarir sem hefur hækkað langt umfram verðlag á síðustu tveimur árum (sjá síðar).

### 3. KGSÍ annast mörg föst verkefni

Frá árinu 2005 hefur KGSÍ séð um að reikna út og útteila framlagi ríkisins til kirkjugarða landsins. Fyrstu þrjú árin komu greiðslurnar frá Fjársýslu ríkisins (umhirðan) og frá Kirkjugarðasjóði (greftranir) en frá 2008 hefur KGSÍ alfarið séð um þessi peningamál, þ.e.a.s. bæði útreikninga og greiðslu þess fjármagns sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni. Kirkjugarðaráð er síðan sá aðili sem ákveður endanlega hvernig skipting skal vera.

Frá ársbyrjun 2012 hefur KGSÍ enn aukið þjónustu við kirkjugarða og presta landsins með því að sjá um greiðslur til presta vegna þjónustu þeirra við útfarir. Það fyrirkomulag sem áður var við lýði var með þeim hætti að sá kirkjugarður sem grafið var í greiddi presti fyrir þjónustu við útfarir eftir að viðkomandi prestur hafði sent reikning til kirkjugarðsins. Nýja fyrirkomulagið hefur stóraukið skýrsluskil, bæði frá prestum og kirkjugörðum og hafa allar væntingar stjórnar KGSÍ um ágæti þess gengið eftir. Í ársskýrslu KGSÍ 2012 er nánar sagt frá þessu verkefni sambandsins og má fletta skýrslunni upp á slóðinni [www.kgsi.is](http://www.kgsi.is) og þar undir aðalfundir.

## **Póknun til presta fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 70% á tæplega tveimur árum, ekki hefur komið króna á móti frá ríkinu.**

Taxti presta fyrir þjónustu við útfarir hefur hækkað um 70% á tæpum tveimur árum. Póknun presta er greidd af svokölluðu greftrunarframlagi frá ríkinu. Nú er svo komið að stórir kirkjugarðar í þéttbýli fá ekki nema brotabrot af greftrunarframlaginu sem ríkið greiðir. Eftir síðustu taxtahækkun, sem var 25% þann 17. desember sl., er framlagið **kr. 42.757** og af því þurfa kirkjugarðar að greiða prestum fyrir hverja duftgröf eftirtaldar upphæðir: Kistulagningarbæn + akstur kr. 8.467, útför + akstur kr. 24.549, jarðsetning duftkers + akstur kr. 8.467. **Samtals kr. 41.483.** Viðkomandi kirkjugarður fær **kr. 1.274** með hverri duftgröf miðað við þjónustu eins og að framan greinir. Kirkjugarðar landsins fá ekkert enn frá ríkinu til að mæta þessum aukagreiðslum þrátt fyrir margítrekaðar kvartanir.

Ljóst má vera að hér þarf að grípa hratt inn í. Upp kemur sú staða hjá kirkjugörðum að ekki verður hægt að fá verktaka til að taka grafir og senn líður að því að aðstandendur verði sjálfir að taka grafir til að jarðsetja ástvini sína. Þeir sem enn fást til þess að taka grafir gera það langt undir taxa. Ráðamenn verða að skynja alvöru þessa máls og þeir sem stóðu að þessum samningum í innanríkisráðuneytinu verða að axla þá ábyrgð sem störfum þeirra fylgir. Kirkjugarðar hafa ekki fengið eina krónu á móti þessum kostnaði. Þetta bætist við þann vanda sem fyrir er. Í fylgiskjöllum aftan við skýrsluna má sjá bréfaskriftir milli KGSÍ og innanríkisráðuneytisins um þetta mál. Ráðuneytisstjóri og skrifstofustjóri sem undirritað bréfið f.h. ráðherra sýna þessu tiltekna málefni, þ.e. hækkun taxa langt umfram verðlagsþróun, lítinn skilning (sjá bréf á bls. 19 – 23).

Tekið skal fram að stjórn KGSÍ hefur ekki skoðun á því hvort hækkunin til presta sé of mikil út af fyrir sig, heldur er það gagnrýnt að innanríkisráðuneytið semji við presta um slíka hækkun án þess að mótframlag hafi verið greitt til kirkjugarða<sup>3</sup>.

## **4. Aðalfundur 2015**

Tuttugasti aðalfundur KGSÍ var haldinn á Hótel Natura í Reykjavík dagana 8. - 10. maí 2015. Í tengslum við aðal- og afmælisfundinn var haldið málþing á Hótel Natura kl. 13:00 föstudaginn 8. maí. Umfjöllunarefnið var umhirða og viðhald í kirkjugörðum. Norski landslagsarkitektinn Helge Klingberg var gestur fundarins. Eftir málþingið var haldin véla- og tækjasýning frá kl. 16-18 á planinu framan við verkstæðið og vélageymslurnar í Fossvogi. Sjálfur aðalfundurinn hófst síðan kl. 09:00 á laugardagsmorgun 9. maí og stóð til kl. 15:00. Aðalefni fundarins var erindi sem Helge Klingberg hélt. Fyrirlesturinn fjallaði um skipulag kirkjugarðamála í Noregi. Eftir aðalfundinn var farin skoðunarferð innan höfuðborgarsvæðisins í boði KGRP. Hvalasafnið var skoðað og þar voru fram bornar veitingar. Á leiðinni til baka í Fossvog voru duftreitirnir á Sóllandi við Öskjuhlíð skoðaðir. Um kvöldið snæddu aðalfundarfulltrúar og makar þeirra saman kvöldverð á Hótel Natura.

<sup>3</sup> Framlag ríkisins hækkar á milli ára um tæp 4%. Hækkun umfram það hefði átt að bæta kirkjugörðum upp.

Á sunnudagsmorgni kl. 10:00 var afmælisfundinum slitið í Fossvogskirkju. Sr. Gísli Jónasson, prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra, stýrði athöfninni. Hér fyrir neðan má sjá myndir frá aðalfundi KGSÍ í Reykjavík. Sjá fleiri myndir af aðalfundi 2015: <https://www.gardur.is/kgisi.php>



### **Næsti aðalfundur verður haldinn á Siglufirði 28. maí nk.**

Næsti aðalfundur verður haldinn á Hótel Sigló laugardaginn 28. maí næstkomandi. Þegar þessar línur eru ritaðar, þ.e. um miðjan maí, hefur verið lokað fyrir innritun á hótel og gistihús. Þau 40 herbergi sem pöntuð voru fengust þrátt fyrir erfiðleika hjá Hótel Sigló að standa við eins árs gamla bókun KGSÍ. Hluti af gestunum fékk inni á gistiheimilinu Siglunesi. Rúmlega 90 manns hafa skráð sig á aðalfundinn, þar af yfir 50 á fundinn.

### **Stjórn og formaður**

Stjórn og varastjórn gáfu áfram kost á sér. Á aðalfundinum á Hótel Natura voru endurkosnir í stjórn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkv.stj. kirkjugarðaráðs, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar og Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, sem kosinn var formaður. Í varastjórn voru endurkosin Indriði Valdimarsson frá Akranesi og Þórunn Ragnarsdóttir frá Árbæjarkirkjugarði í Holtum. Varamenn voru boðaðir á marga stjórnarfundum þó að ekki væri um forföll aðalmanna að ræða. Þjóðbjörn Hannesson, Akranesi, og Sveinn Valdimarsson, Keflavík, voru kjörnir skoðunarmenn reikninga. Öllu þessu fólki voru á aðalfundinum færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Á milli aðalfunda 2015 og 2016 voru haldnir tólf stjórnarfundir auk margra óformlegra funda í síma og á netinu. Fundirnir voru allir haldnir í Reykjavík, nema einn sem haldinn var á Akureyri. Varamenn voru með á fundum þegar stærri mál voru rædd.

## **5. Sameining kirkjugarðastjórna**

Áhugi fyrir sameiningu er fyrir hendi hjá mörgum sóknarnefndum en það er eins og beðið sé eftir einhverjum leiðbeinandi reglum eða reglugerð um sameininguna. Allt hefur sinn tíma og það er skoðun

stjórnar KGSÍ að með lagafrumvarpinu sem að líkindum verður lagt fyrir þingið innan tíðar verði hægt að setja inn skýrara ákvæði um sameiningu við viss skilyrði öllum til hagsbótar. Nefnd sú sem skilaði af sér í mars sl. og fjallaði m.a. um tillögur að lagabreytingum telur að setja þurfi skýrara ákvæði um sameiningu kirkjugarðsstjórna í lögin og gefa eðlilega aðlögun að þeim breytingum.

## 6. Allar peningafærslur til kirkjugarða og presta á gardur.is

Í lok árs 2009 var sett upp ársyfirlit fyrir kirkjugarða á slóð tengdri gardur.is. Yfirlitið virkar með þeim hætti að þær greiðslur sem berast frá ríkinu eru færðar á tekjuliði garðanna. Á þessari slóð er hægt að sjá frá mánuði til mánaðar framlag ríkisins á hverju ári. Einnig er hægt að sjá nöfn þeirra sem jarðsettir eru í viðkomandi garði og greiðslur vegna grafartöku og til presta. Þarna er kominn vísir að bókhaldskerfi fyrir minni garða. Bæta þarf inn nokkrum liðum og hafa verið haldnir fundir með Ríkisendurskoðun í því sambandi. Samskonar greiðsluyfirlit er inni á vinnusvæði presta og geta þeir flett þar upp þeim útförum sem þeir hafa annast og hafa komið til greiðslu frá KGSÍ.

## 7. Ráðherraskipuð nefnd var að störfum allt árið 2015

Í júlí 2014 skipaði þáverandi innanríkisráðherra nefnd til að fara yfir fjármál kirkjugarða og fleira tengt málaflöknum, t.d. lagafrumvarpið. Skýrsla Haraldar L. Haraldssonar var kveikjan að þessari nefndarskipan og óskaði kirkjugarðaráð eftir skipan hennar. Í nefndinni eru þrír aðilar, formaður nefndarinnar er frá innanríkisráðuneyti, hinir tveir eru annars vegar frá fjármálaráðuneyti og hins vegar frá kirkjugarðaráði. Því er ekki að leyna að nefndarstarfið hefur dregist úr hömlu og er það bagalegt því vissulega munu hæg vinnubrögð ekki koma sér vel fyrir kirkjugarða þegar litið er til þeirra vandræða sem þeir eru í. Í lok mars sl. skilaði nefndin af sér með skýrslu sem verður til umfjöllunar hér á eftir. Á undanförunum 20 árum hafa fjármál kirkjugarða verið rannsökuð í bak og fyrir<sup>4</sup>. Vönduð samhljóma gögn hlaðast upp í innanríkisráðuneytinu sem sýna að kirkjugarðar hafa ekki verið meðhöndlaðir af sanngirni. Vera kann að skeytingarleysi ráðamanna gagnvart þessari samfélagsþjónustu víki fyrir raunhæfum aðgerðum þegar þeir lesa nýju skýrsluna yfir (?). Reyndar er ekkert nýtt í skýrslunni heldur er þar staðfest það sem fyrri rannsóknir og skýrslur hafa sýnt fram á, þ.e. að framlag ríkisins hefur frá 2009 ekki nægt til að kirkjugarðar hafi getað uppfyllt lögboðnar skyldur sínar. Við þurfum ekki fleiri nefndir og ekki fleiri skýrslur, við Íslendingar þurfum ábyrga, óhrædda og heiðarlega embættismenn í stjórnunarstöður þar sem þessi mál eru rædd og ákvarðanir teknar.



<sup>4</sup> Sjá slóðina [www.gardur.is/skyrslur](http://www.gardur.is/skyrslur)





Skýrslan um „Endurskoðun kirkjugarðasamkomulags“ var undirrituð í marslok 2016 og tilheyrir því frekar því ári en árinu 2015 sem hér er verið að fjalla um. En efni hennar var í vinnslu allt árið 2015 og er því ekki úr vegi að gera grein fyrir henni hér. Helstu niðurstöður skýrslunnar voru teknar saman á fundi kirkjugarðaráðs og biskups Íslands áður en farið var á fund embættismanna í innanríkisráðuneyti 2. maí sl. til að ræða skýrsluna og innihald hennar. Biskup afhenti í lok fundar niðurstöður kirkjugarðaráðs og tillögur að næstu skrefum til að koma málefnum kirkjugarða á réttan kjöl.

Ekki var annað að heyra en að viðmælendur í ráðuneytinu væru skilningsríkir og þeir væru sammála um að nú væri rétti tíminn til að bretta upp ermar og koma fjármálum kirkjugarða á svipaðan grunn og við gerð samkomulagsins 2005 en sá grunnur hefur rýrnað um 40% til ársins 2015. Það eru aðallega tveir þættir sem skýrslan nefnir og þýðingarmikið er að ná fram að ganga:

1. Endurskoða samkomulagið frá 2005 og gera það gegnsærra.
2. Koma lagafrumvarpinu um breytingar á lögum um kirkjugarða fyrir þingið sem fyrst.

Hér er minnisblaðið frá biskupi Íslands og kirkjugarðaráði sem afhent var á fundinum í innanríkisráðuneyti í byrjun maí sl., ásamt tillögum ráðsins um næstu skref. Þar á eftir má sjá svar innanríkisráðuneytis sem er jákvætt og lofar það góðu.

#### Minnisblað frá kirkjugarðaráði.

Dagsett 2. maí 2016

Kirkjugarðaráð telur að helstu niðurstöður og ábendingar skýrslunnar, sem til umræðu eru á fundinum, séu þessar:

- ✓ Nauðsynlegt sé að fara yfir samkomulag milli kirkjugarðaráðs og ríkisins frá 2005 og gera það gegnsærra og taka af allan vafa hvaða lögbundnu verkefni ríkið eigi að greiða.
- ✓ Framlög til kirkjugarðanna voru í samræmi við samkomulagið frá og með árinu 2005 og til og með ársins 2008. Brýnt er að hækka einingaverð samkomulagsins til samræmis við uppreiknað einingaverð, sem fram kemur í reiknitöflu nefndarinnar. Þannig yrði byrjað á sama grunni og í ársbyrjun 2005.
- ✓ Fara þarf yfir lagafrumvarp um breyting á lögum um kirkjugarða til að ná fram nauðsynlegum lagabreytingum vegna breytinga í þjóðfélaginu frá 1993 og eins til að koma á hreint ákveðnum ágreiningsmálum um hvað eigi að vera innan lögbundinna verkefna kirkjugarða.
- ✓ Útreikningar nefndarinnar sýna að framlagið hafði verið skert um 1.971 m.kr. (nánast tvöfalt ársframlag 2015 að nafnvirði og mun meira ef uppreiknað væri) á árunum 2009 – 2015 eða sem nemur tæpum 17% af samkomulaginu fyrir þetta tímabil. Einingaverð hafa rýrnað um 40% þegar litið er á uppreiknuð einingaverð skv. reiknitöflu nefndarinnar og þess einingaverðs sem greitt var árið 2015 (eftir leiðrétting villu).

- ✓ Nefndin sýndi fram á að villa var í útreikningum fjármálaráðuneytis frá 2009 sem uppsöfnuð á nafnvirði nam 133 m.kr. frá 2009 - 2015 og var kirkjugörðum bætt það upp með aukafjárveitingu sem fylgir árinu 2015. Þetta bætti fjárhagsstöðu kirkjugarða tímabundið en hefði þó ekki komið í veg fyrir að stærsti kirkjugarður landsins væri með rekstrarhalla 4 ár af síðustu 5 árum, þó rétt hefði verið reiknað.
- ✓ Kirkjugarðar voru skertir um 28,8 m.kr. á árabílinu 2009-2015 vegna þess að fjármálaráðuneyti miðaði greftranir við dánartölu frá „horfinnaskrá“ Þjóðskrár en þar eru einungis þeir sem áttu lögheimili á Íslandi þegar þeir létust en fjöldi greftrana á Íslandi er meiri vegna þess að mismunur í fjöldatölum skýrist af því að margir Íslendingar sem áttu lögheimili í útlöndum eru fluttir til greftrunar á Íslandi og einnig er hluti af þessum mismun jarðsetning andvanafæddra barna sem ekki fengu kennitölu en voru jarðsett með sömu viðhöfn og aðrir Íslendingar. Skrá Þjóðskrár Íslands gefur því ekki upplýsingar um fjölda tekinnna grafa en framlagið miðaðist við það. Á þetta var bent í upphafi samkomulagstímabils (2006) en ekki var tekið tillit til þess. Kirkjugarðaráð er sammála nefndinni um að samkomulagið sé skýrt hvað þetta varðar.
- ✓ Að lokum sýndu útreikningar nefndarinnar að kirkjugarðar voru **umframskertir** um 324,6 m.kr. á tímabilinu 2009 - 2015. Þessi skerðing er til viðbótar þeirri skerðingu sem ríkisstjórnir gerðu og nefndar hafa verið „hagræðingarkröfur“. Þetta staðfesta útreikningar nefndarinnar, sjá neðstu línu á töflu skýrslunnar. Niðurstaðan er reyndar of lág, þar sem miðað er við of hátt árlegt framlag í töflu nefndarinnar. Mismunur er 60,3 m.kr. Leiðrétting hefur verið send formanni nefndarinnar.

*Þraf*

SS

*MSJ*  
*Alsið*

Tillögur kirkjugarðaráðs um næstu skref til að koma fjárhag kirkjugarða á svipaðan rekspól og árið 2005 og gera nauðsynlegar breytingar á lögum um kirkjugarða sem aðilar eru sammála um að hafi dregist úr hömlu.

Kirkjugarðaráð leggur til að:


- ✓ Embættismenn í innanríkisráðuneyti meti hvernig og með hvaða upphæð kirkjugörðum verði bætt skerðing vegna vantalins fjölda grafa og vegna óútskýrðar umframskerðingar sem leidd hefur verið í ljós í reiknitöflu nefndarinnar og nemur háum upphæðum.
- ✓ Innanríkisráðuneytið skipi fulltrúa frá ráðuneytinu sem ásamt fulltrúa/fulltrúum kirkjugarðaráðs færu yfir samkomulagið milli ríkisins og kirkjugarðaráðs og gerðu tillögu um breytingar á því og „gera það gegnsæra og taka af allan vafa hvaða lögbundnu verkefni ríkið eigi að greiða.“

frh.

- ✓ Lagt er til að sömu aðilum verði falið að gera tillögu um breytingar á lagafrumvarpi því sem liggur óafgreitt í ráðuneytinu, þ.e. fara yfir það til að ná fram nauðsynlegum breytingum til að aðlaga vinnulag og hugsun breytingum í þjóðfélaginu undanfarna áratugi og eins til að koma á hreint ákveðnum ágreiningsmálum um hvað eigi að vera innan lögbundinna verkefna kirkjugarða.

Stefnt verði að því að lagafrumvarpið verði lagt fyrir haustþing 2016 og miða við að nýtt samkomulag taki gildi í ársbyrjun 2017.

Undir þessar tillögur ritar biskup Íslands ásamt kirkjugarðaráði.



Í svarbréfi innanríkisráðuneytis sem birt er á næstu síðu kveður við nýjan tón og fagnar stjórn Kirkjugarðasambands Íslands jákvæðu bréfi ráðuneytisins. Það sem skiptir mestu máli í bréfinu kemur fram í þessum tveimur römmum:

Ráðuneytið er sammála því að brýnt sé að hefjast handa við endurskoðun samkomulagsins frá árinu 2005, enda er ljóst að fjárveitingar Alþingis eru ekki í samræmi við þau einingaverð sem upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir að greitt yrði vegna þjónustu kirkjugarða. Því þyrfti að endurskoða samkomulagið þannig að það taki betur mið af fjárveitingum Alþingis á hverjum tíma. Jafnframt er rétt að viðræður fari fram, m.a. með vísan til laga um kirkjugarða greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, hvaða þjónustuþættir í starfsemi kirkjugarða er eðllegt að greiðist af framlagi ríkisins og hvaða þættir eru utan þess og væri rétt að fjármagna á annan hátt, t.d. á grundvelli gjaldskrár. Ráðuneytið mun innan skamms óska eftir tilnefningu á fulltrúa sammingsaðila í viðræðuhóp um endurskoðun samkomulagsins.

Þá er ráðuneytið sammála því að tímabært sé að halda áfram vinnu við endurskoðun laganna um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Þegar liggur fyrir ákveðinn grunnur sem nýtist við þá endurskoðun og hyggst ráðuneytið vinna að henni á komandi vetri í samstarfi við kirkjugarðaráð og aðra hlutaðeigandi aðila. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það að hálfu ráðuneytisins hvernig



Kirkjugarðaráð  
Laugavegi 31  
150 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is  
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 13. maí 2016  
Tilv.: IRR16050020/12.12.0

Ráðuneytið vísar til tillagna biskups Íslands og kirkjugarðaráðs um næstu skref til að koma fjárhag kirkjugarðanna á svipaðan rekspól og árið 2005 og gera nauðsynlegar breytingar á lögum um kirkjugarða. Tillögurnar voru afhentar ráðuneytinu á fundi um fjárhagslega stöðu kirkjugarðanna þann 2. maí sl., sbr. nýleg skýrsla þar að lútandi. Að mati ráðuneytisins gefur skýrslan greinargóða mynd af þróun fjármála kirkjugarðanna síðastliðin ár og þeim áskorunum sem kirkjugarðar landsins standa frammi fyrir varðandi rekstur og fjármögnun lögbundinna og venjubundinna verkefna.

Ráðuneytið er sammála því að brýnt sé að hefjast handa við endurskoðun samkomulagsins frá árinu 2005, enda er ljóst að fjárveitingar Alþingis eru ekki í samræmi við þau einingaverð sem upphaflegt samkomulag gerði ráð fyrir að greitt yrði vegna þjónustu kirkjugarða. Því þyrfti að endurskoða samkomulagið þannig að það taki betur mið af fjárveitingum Alþingis á hverjum tíma. Jafnframt er rétt að viðræður fari fram, m.a. með vísan til laga um kirkjugarða greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, hvaða þjónustupættir í starfsemi kirkjugarða er eðllegt að greiðist af framlagi ríkisins og hvaða þættir eru utan þess og væri rétt að fjármagna á annan hátt, t.d. á grundvelli gjaldskrár. Ráðuneytið mun innan skamms óska eftir tilnefningu á fulltrúa samningsaðila í viðræðuhóp um endurskoðun samkomulagsins.

Þá er ráðuneytið sammála því að tímabært sé að halda áfram vinnu við endurskoðun laganna um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Þegar liggur fyrir ákveðinn grunnur sem nýtist við þá endurskoðun og hyggst ráðuneytið vinna að henni á komandi vetri í samstarfi við kirkjugarðaráð og aðra hlutaðeigandi aðila. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það að hálfu ráðuneytisins hvernig að þeirri vinnu verður staðið, en erindi þar að lútandi mun berast kirkjugarðaráði síðar. Hins vegar leggur ráðuneytið til við kirkjugarðaráð að það vinni samantekt þar sem fram koma sjónarmið um þörf fyrir breytingar á einstökum greinum laganna.

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson

## 8. Legstaðaskráin Garður

Hin miðlæga legstaðaskrá **Garður** er í umsjón og eigu Kirkjugarðasambands Íslands. Eitt af meginmarkmiðunum með stofnun hennar er að skapa almenningi aðgang að upplýsingum um legstað látinna manna á Íslandi og jafnframt að veita upplýsingar um viðkomandi kirkjugarða, þ.m.t. kort, texta, myndir og teikningar. Þetta markmið hefur náðst að hluta og er heimasíðan mikið notuð, flettingar eru að jafnaði um 1.700 á sólarhring. Segja má að þetta sé nýting legstaðaskrárinnar „út á við“ en nýting hennar „inn á við“ er ekki síður þýðingarmikil. Í tengslum við **Garð** hafa verið útbúin ýmis hliðarforrit sem stjórna hinum ýmsu verkþáttum, s.s. skráningarkerfi í líkhúsi, bókunarkerfi, verkbeiðnakerfi, greiðslukerfi presta og kirkjugarða o.fl. Þessi kerfi standa öllum kirkjugörðum opin og er auðvelt fyrir kirkjugarðastjórnir að velja það sem hentugt þykir miðað við umfang starfseminnar.



Margir kirkjugarðar hafa nú þegar verið mældir inn með GPS-tækni og hafa kortin verið sett jafnóðum inn á vefinn. Áfram er unnið við að tengja þessi kort við **Garð** og er það gert í samvinnu við fyrirtækið Ísgraf ehf sem sérhæfir sig í kortagerð út frá loftmyndum. Kirkjugarðaráð og KGRP gerðu á árinu 2012 samning við Ísgraf ehf um frekari þróun þessarar tækni. Áformað er að þeir sem skoða kirkjugarða og legstaði í framtíðinni geti nálgast viðkomandi kirkjugarð út frá loftmynd af því landsvæði sem garðurinn er hluti af og hægt verði að smella á hvaða leiðisnúmer sem er og fá upplýsingar um hver liggur þar undir. Þessi samtenging eykur öryggi og auðveldar starfsfólki kirkjugarða úthlutun grafa. Inn í nýja kerfið eru komnir um 40 kirkjugarðar. Agnúar sem upp hafa komið hafa jafn óðum verðið sniðnir af og er kerfið farið að ganga nokkuð vel. Þetta kerfi byggir m.a. á að garðarnir séu skipulagðir og ný grafarstæði sett á kortið og gefin númer. Heimamenn þurfa sjálfir að skrá nýjar jarðsetningar með því númeri sem grafarstæðið er búið að fá fyrirfram á kortinu því annars virkar nýja kerfið ekki. Ef ekkert númer er gefið uppfærast kortið ekki og eins ef gefið er upp númer sem ekki er í samræmi við skipulag kortsins þá getur það birst á rangri gröf. Mikilvægt er að þeir sem taka við legstaðaskráningu tileinki sér þessi vinnubrögð.

Þess má geta hér að KGRP hafa tekið **Garð** í notkun sem framtíðarlegstaðaskrá fyrir starfsemina og einnig sem bókunartæki fyrir útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu og skráningarkerfi í líkhúsinu í Fossvogi. Það gefur auga leið að mikill sparnaður er í því fólginu að kirkjugarðar landsins noti miðlægu skrána Garð. Sú þróunarvinna sem unnin hefur verið stendur öllum kirkjugörðum landsins til boða án endurgjalds. Þá vinnu hafa KGRP og Kirkjugarðasjóður kostað. Ljóst er að þessi útvíkkaða notkun á vefsíðunni hentar best stærstu kirkjugörðum landsins.

Stjórn KGSÍ hefur ákveðið að færa enn út kvíarnar í tölvumálum og láta gera forrit (app) fyrir snjallsíma og spjaldtölvur. Á síðasta ári var farið yfir öll kerfin sem **Garður** er samansettur af og voru

Þau uppfærð til að tryggja öryggi gagna. Það var forsenda fyrir app-verkefnum sem kynnt var á síðasta aðalfundi en innleiðingu þess hefur seinkað vegna ýmissa ástæðna. Stjórn KGSÍ hefur engu að síður haft áhuga á að koma tölvumálum sambandsins vel inn á 21. öldina og var það gert með uppfærslum á tölvukerfum **Garðs**. Vefurinn var uppfærður í öruggara samskiptakerfi úr **HTTP** í **HTTPS**. Munurinn er að í **HTTP** er mögulegt fyrir utanaðkomandi að sjá hvaða gögn fara á milli en það er ekki hægt í **HTTPS**. Á hverju ári fjölgar vefsíðum mikið sem nota **HTTPS**. Dæmi um vefi sem nota **HTTPS**: Bankar, Tímon, Wikipedia, YouTube, Vísindavefurinn ofl. Vefþjónar PHP, MySql ofl. voru líka uppfærðir í nýrri útgáfu sem eykur hraða og öryggi og bætir áframhaldandi þróunarmöguleika vefsins. Auk þess var hýsingin á vefnum færð úr því sem kallað er „shared“, þar sem margir vefir eru hýstir í sameiningu, í „dedicated“, þar sem vefurinn er keyrður á einni sýndarvél.

Kostnaður við rekstur kerfanna er aðallega fólgin í vinnulaunum tölvumanns KGRP sem hefur jöfnum höndum annast verkefni fyrir KGSÍ og KGRP undanfarinn rúman áratug. Á árinu var farið yfir samantekt á verkefnum tölvumannsins og dreginn saman sá tímafjöldi sem farið hefur í verkefni fyrir KGSÍ. Fram kom í þeirri samantekt að þróunin hefur verið sú að vinna fyrir KGSÍ hefur aukist jafnt og þétt og er orðin stór hluti af heild. KGRP hafa ekki innheimt nema brot af því undanfarin ár og enn minna á fyrstu árum **Garðs**. Niðurstaðan var sú að KGRP innheimti fyrir árið 2015 50% af launakostnaði (laun+launat.gj.) við vinnu tölvumanns að viðbættu 30% álagi og eins árið 2016, þ.e. 50% af launakostnaði + 30% álag vegna aðstöðu, s.s. tæki, húsnæði o.fl.

## 9. Kirkjugarðasamband Íslands og kirkjugarðaráð

Samkvæmt lögum hefur kirkjugarðaráð yfirumsjón með kirkjugörðum landsins. Kirkjugarðaráð er jafnframt stjórn kirkjugarðasjóðs sem er jöfnunarsjóður fyrir kirkjugarða landsins. KGSÍ tilnefnir einn stjórnarmann í kirkjugarðaráð og hefur formaður stjórnar KGSÍ verið tilnefndur í stjórn ráðsins af KGSÍ undanfarin ár. Kirkjugarðaráð hefur gert samkomulag við stjórn KGSÍ til nokkurra ára um ýmislegt sem lýtur að málefnum kirkjugarða, s.s. útdeilingu á framlagi ríkisins til kirkjugarða, rekstur á gardur.is, námskeið o.fl. Þjónustusamningur er á milli KGSÍ og kirkjugarðaráðs sem felur í sér sex milljón króna framlag frá kirkjugarðasjóði á ári næstu árin.

## 10. Útgáfa Bautasteins - fagríts og fréttabréfs


Bautasteinn (fagrítið) kom út í maí 2015 (1. tölublað 20. árgangs). Hulda G. Geirsdóttir, blaðamaður, hefur séð um viðtöl og greinaskrif í blaðið undanfarin ár og Sigurjón Jónasson, fyrrv. rekstrarstjóri KGRP og jafnframt heiðursfélagi í KGSÍ hefur, ásamt því að vera í ritnefnd blaðsins, séð um auglýsingasölu, samskipti við prentsmiðju og útlit blaðsins ásamt öðrum ritnefndarmönnum.

Blaðið flytur faglegar greinar af vettvangi kirkjugarðamála og fylgist með því sem er efst á baugi í útfara- og kirkjugarðamálum. Ekki er vafi á því að blaðið eykur hróður KGSÍ, margir hafa farið lofsamlegum orðum um blaðið og hælt smekklegu útliti þess og vönduðu efnisvali.

Auglýsingasala og sala blaðsins til stærri kirkjugarða hefur nokkurn veginn staðið undir kostnaði við útgáfuna. Á slóðinni: [www.kgsi.is](http://www.kgsi.is) má sjá Bautastein frá upphafi. Blaðið kemur út í 1.200 eintökum og er dreift um allt land til presta, sveitarstjóra, sóknarnefndarformanna, alþingismanna og fjölmargra annarra einstaklinga og fyrirtækja. Stærstu kirkjugarðarnir styrkja útgáfuna með kaupum á blaðinu sem síðan er dreift á þjónustusvæði viðkomandi kirkjugarðs.

Sigurjón tilkynnti eftir afmælisútgáfuna að hann vildi draga sig í hlé og Hulda hafði komið þeim skilaboðum til ritnefndar að hún mundi hætta með Sigurjóni. Hægt var að fá Sigurjón til að halda áfram í ritnefnd. Sigurjóni og Huldu eru færðar bestu þakkir fyrir vel unnin störf.

Gerður var samningur við almannatengslafyrirtækið Athygli sem mun taka að sér þau verkefni sem Sigurjón og Hulda höfðu og hefur fyrsta fréttabréfið og fyrsta fagritið í umsjón þess litið dagsins ljós og lofar sú samvinna góðu.



Hægt er að skoða fréttabréfin á slóðinni: [www.kgsi.is](http://www.kgsi.is). Ritnefndarfundir vegna Bautasteins hafa gjarnan verið haldnir í tengslum við stjórnarfundum áður en blaðið kemur út á vorin.

## 11. Erlend samskipti - NFKK

KGSÍ á aðild að norrænu samtökunum NFKK (Nordisk forbund for kirkegårder og krematorier, sjá slóðina: <http://www.nfkk.eu/index.html> og eiga formaður og varaformaður KGSÍ sæti í stjórn þess.

## 12. Margir lögðu hönd á plóginn

Þeim fjölmörgu sem starfa innan málaflokksins víða um land eru færðar þakkir fyrir samstarfið á árinu 2015. Margir lögðu hönd á plóginn og ber að þakka góðan liðsanda og samstarf að þeim þýðingarmiklu verkefnum sem KGSÍ er falið að sinna. Ljóst er að við þær fjárhagsaðstæður sem kirkjugarðar hafa búið við undanfarin ár reynir mikið á stjórn og starfsmenn kirkjugarða. Bestu þakkir færir stjórn KGSÍ öllu þessu fólki.

Reykjavík, 23. maí 2016.

F.h. stjórnar,

Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

# Aðalfundur KGSÍ

haldinn 28. maí 2016 á Hótel Sigló

Fundurinn hefst kl. 09:00 með venjubundnum aðalfundarstörfum og stendur til kl. 15:00. Fundarsalur: Sunnubrakkí á Hótel Sigló.

## Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla formanns og stjórnar KGSÍ.
3. Endurskoðaðir reikningar KGSÍ fyrir árið 2015 lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Kosning formanns KGSÍ.
5. Kosning annarra stjórnarmanna.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga KGSÍ.
7. **Framkvæmdir við kirkjugarða á Tröllaskaga.** Guðmundur Rafn Sigurðsson segir frá. Fyrirspurnir og umræður.
8. **Skýrsla um fjármál kirkjugarða o.fl.** Jóhannes Finnur Halldórsson sérfræðingur í innanríkisráðuneyti og formaður ráðherranefndar, sem fjallaði um fjármál kirkjugarða og fleira, gerir grein fyrir vinnu nefndarinnar og niðurstöðum. Fyrirspurnir og umræður.
9. **Samkomulagið við ríkið.** Er þörf á að breyta skiptingunni innbyrðis? Þarf að taka fleira með í reikninginn en gert hefur verið? Framsöguerindi flytur Þórsteinn Ragnarsson. Fyrirspurnir og umræður.

Matarhlé frá 12:00 til 13:00

10. **Rekstur og umhirða kirkjugarðs í meðalstöru og litlu sveitarfélagi.** Kristján Ólafsson frá Dalvík og Ingólfur Jóhannsson frá Uppsölum í Eyjafjarðarsveit flytja erindi. Fyrirspurnir og umræður.
11. **Erindi heimamanns.** Páll Helgason, fyrrv. kennari, hefur frjálst val.
12. Önnur mál.

## **Skoðunarferð um Siglufjörð.**

Eftir fundinn fara fundarmenn og makar í skoðunarferð um Siglufjörð og um kvöldið, kl. 19:00, snæðir hópurinn saman kvöldverð í Rauðku og skemmtir sér saman í dansi og söng.

## **Helstu tímasetningar í tengslum við aðalfundinn.**

### Laugardagurinn 28. maí:

09:00 – 12:00 ..... Aðalfundarstörf.  
12:00 – 13:00 ..... Hádegismatur.  
13:00 – 15:00 ..... Aðalfundarstörf.  
15:15 – 17:30 ..... Skoðunarferð um Siglufjörð. Farið frá hótelinu kl. 15:30.  
19:00 – 24:00 ..... Hátíðarkvöldverður og skemmtun.

### Sunnudagurinn 29. maí:

11:00 ..... Kveðjustund í Siglufjarðarkirkju.

F.h. stjórnar,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.



## REKSTRARÁÆTLUN KGSÍ FYRIR ÁRIÐ 2016

### **REKSTRARTEKJUR:**

Tekjur vegna sölu vorblaðs (ca. 375 eint. á 800 kr/stk.)	300.000
Skráning ítarefnis	60.000
Aðrar tekjur; sala rafrænna skráa frá gardur.is	135.000
Styrkur frá Kirkjugarðasjóði	6.000.000
<b>SAMTALS KR:</b>	<b>6.495.000</b>

### **REKSTRARGJÖLD:**

#### Kostnaður vegna Bautasteins; tímarits og fréttabréfs:

Vorblað - tímarit, skv samningi við Athygli	300.000
Annar kostn. s.s. ferðalög, myndir o.fl.	200.000
Fréttabréf KGSÍ, skv samningi við Athygli	170.000
Pökkunarkostnaður vorblaðs og fréttabréfs	80.000
Burðargjöld vegna vorblaðs	220.000
Burðargjöld vegna fréttabréfs	130.000
Burðargjöld önnur	20.000
	<hr/>
	1.120.000

#### Annar kostnaður:

Laun og launatengd gjöld	1.600.000
Aðalfundarkostnaður	250.000
Bókhaldsvinna, reikningagerð (KGRP)	600.000
Prentkostnaður, umslög og bréfséfni	150.000
Stjórnarfundakostnaður	350.000
Innlendur ferðakostnaður	125.000
Námskeiðahald og aðrir fundir	300.000
Ferðakostnaður vegna NFKK	420.000
Sérfræðikostnaður vegna gardur.is	700.000
Auglýsingar og ýmis tilfallandi kostnaður	100.000
	<hr/>
	4.595.000

**SAMTALS KR: 5.715.000**

Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda	780.000
---	---------

### **FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNS- GJÖLD:**

Vaxtatekjur	190.000
Vaxtagjöld	50.000

### **TEKJUAFGANGUR AF REKSTRI ÁRSINS**

**SAMTALS KR: 920.000**

## Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2015

## Fjárheimildir

Viðfangsefni	Heiti viðfangsefna	Fjárlög 2015	Fjáruka­lög 2015	Millifærslur 2015	Fjárheimild 2015	Flutt frá árinu 2014	Samþykkt lokafjárlög	Fjárheimild alls 2015
	<b>Tekjur</b>							
	<b>Gjöld</b>							
111	Kirkjugarðar	997.600.000	133.000.000	12.900.000	1.143.500.000	-499.998	0	1.143.000.002
	<b>Samtals tekjur og gjöld</b>	<b>997.600.000</b>	<b>133.000.000</b>	<b>12.900.000</b>	<b>1.143.500.000</b>	<b>-499.998</b>	<b>0</b>	<b>1.143.000.002</b>
	<b>Markaðar tekjur</b>							
	<b>Samtals markaðar tekjur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
	<b>Aðrar rekstrartekjur</b>							
	<b>Samtals aðrar rekstrartekjur</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
	<b>Alls</b>	<b>997.600.000</b>	<b>133.000.000</b>	<b>12.900.000</b>	<b>1.143.500.000</b>	<b>-499.998</b>	<b>0</b>	<b>1.143.000.002</b>

## Fjárheimildir og viðskiptareikningur við ríkissjóð 31.12.2015

## Fjármögnun

	Fjárlög 2015	Fjáruka­lög 2015	Millifærslur 2015	Fjárheimild 2015	Flutt frá árinu 2014	Samþykkt lokafjárlög	Fjárheimild alls 2015
Greitt úr ríkissjóði Viðskiptahreyfingar	997.600.000 0	133.000.000 0	12.900.000 0	1.143.500.000 0	-499.998 0	0 0	1.143.000.002 0
<b>Fjármögnun alls</b>	<b>997.600.000</b>	<b>133.000.000</b>	<b>12.900.000</b>	<b>1.143.500.000</b>	<b>-499.998</b>	<b>0</b>	<b>1.143.000.002</b>

## Viðskiptareikningur við ríkissjóð

## 1. Eignahlöð (framlag og tekjur innheimtar af ríkissjóði)

Flutt staða frá fyrra ári	-499.998
Breyting vegna lokafjárlaga	0
Framlag ríkissjóðs	1.143.500.000
Markaðar tekjur, innheimt af ríkissjóði	0
Aðrar rekstrartekjur, innheimtu ríkissjóði	0
Krafa á ríkissjóð	1.143.000.002

## 2. Skuldahlöð (Greislur sem stofnun fær frá ríkissjóði eða skuldar ríkissjóði)

Greiddir reikningar	-997.600.000
Launakostnaður	0
Rekstrarfé, óskipt	0
Millifærslur	0
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Aðrar rekstrartekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0
Samtals viðskipti við ríkissjóð	-997.600.000
Inneign hjá ríkissjóði	145.400.002



Þríeykið: Þórsteinn, Smári og Guðmundur Rafn.

Þessir ungu menn hafa lengi verið í stjórn KGSÍ. Nú bregður svo við á þessum aðalfundi að Smári gefur ekki lengur kost á sér í stjórn og eru honum færðar bestu þakkir fyrir frábært samstarf sem ávallt hefur verið gott þó að verkefnið hafi oft á tíðum verið erfið og á brattann að sækja. Megi honum vegna vel í forystu þess málaflokks sem hann nú helgar krafta sína.

Innanríkisráðuneyti,  
b.t. Ólafar Nordal, ráðherra.

Reykjavík, 30.12. 2015.

Ágæti ráðherra!

Róttæk forsendubreyting var gerð á gjaldskrá presta fyrir aukaverk 15.10. 2013 en áður hafði gjaldskráin hækkað á 10 ára fresti. Erindi þessa bréfs er ekki að meta hvort sú breyting hafi verið réttmæt heldur að ræða útfærslu hennar af hálfu ráðuneytisins.

Fyrir gjaldskrárbreytinguna 15. okt. 2013 óskaði ráðuneytið eftir umsögn kirkjugarðaráðs um breytinguna sem þá stóð til og þann 9. september 2013 sendi framkvæmdastjóri ráðsins umsögnina og er hér inntak hennar:

*„Kirkjugarðaráð gerir ekki athugasemd við tillögu Prestafélags Íslands. Kirkjugarðaráð telur það liggja alveg ljóst fyrir að kirkjugarðar landsins geti ekki tekið á sig neinar þær hækkunir sem lagðar eru til í tillögum PÍ, nema ríkið greiði sömu upphæð til viðbótar útreiknuðu framlagi ríkisins til kirkjugarða.*

*Þetta byggir ráðið á nýlegri skýrslu Haraldar L. Haraldssonar, hagfræðings, um fjármál kirkjugarða er kynnt var ráðuneytinu fyrir stuttu. Í skýrslunni sem er mjög ítarleg kemur greinilega fram, að vegna skerðingar á framlagi ríkisins til kirkjugarða undanfarin ár dugi framlag ríkisins ekki lengur fyrir lögbundnum rekstri hjá meginþorra kirkjugarða, þar með talið kostnaði við grafartöku og prestþjónustu vegna greiftrunar og kistulagningar.*

*Kirkjugarðaráð ítrekar því þá skoðun sína, að ekki sé hægt að velta hækkun á gjaldskrá presta yfir á kirkjugarðana, nema til komi sérstök hækkun á framlagi þeirra til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af gjaldskrárhækkuninni.“*

Í engu hefur verið farið eftir umsögn kirkjugarðaráðs og hafa allar hækkunir á texta til presta verið greiddar úr rýrmandi sjóðum kirkjugarða án þess að neitt kæmi á móti.

Á stjórnarfundum Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ), sem haldinn var þann 22.12. sl., lagði undirritaður fram auglýsingu úr Stjórnartíðindum um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar en þar kom fram að þóknun fyrir þau aukaverk sem kirkjugarðar greiða hækki um 25% frá og með 17.12. sl. Undirrituðum var falið að koma umkvörtun stjórnar KGSÍ á framfæri við þig og upplýsa um málavöxtu og gera alvarlega athugasemd við þetta fyrirkomulag, þ.e. að ráðuneytið semji við aðila úti í bæ um hækkun á þjónustu og láti þriðja aðila greiða brúsann án hliðarráðstafana.

Nú verður gerð grein fyrir því tölulega hvaða afleiðingar þessi einhliða framkvæmd hefur á kirkjugarða landsins.

Taxtinn hefur hækkað fjórum sinnum frá því í september 2013, alls um 67% án þess að tekið hafi verið tillit til þess í útreikningum á framlagi til kirkjugarða, þeir eru látnir greiða hækkunina án viðbótargreiðslu úr ríkissjóði. Kostnaður kirkjugarða landsins vegna þjónustu presta við útfarir 2014 var án aksturs 49 m.kr. og 54 m.kr. 2015. Hækkunin frá og með 17.12. sl. veldur því að kostnaður vegna þjónustu presta fer í tæplega 70 m.kr. á árinu 2016 miðað við sama fjölda útfara. Árin 2014 og 2015 hafa framkallað tæplega 30 m.kr. viðbótarhækkun sem kirkjugarðar hafa greitt af takmörkuðu framlagi ríkisins vegna tíðra taxtabreytinga og nú bætist við 25% hækkun á næsta ári og þá fer mismunurinn sem kirkjugarðar hafa greitt 2014-2016 í u.þ.b. 56 m.kr. á þremur árum, miðað við sömu dánartölu 2016 og var 2015. Byggingarvísitalan hefur á þessum tíma hækkað um 7,92% og framlag ríkisins til kirkjugarða um 10%. Slík hækkun hefði rúmast innan framlags ríkisins en ekki raunhækkunin.

Á það skal bent að sá hluti af framlagi ríkisins til kirkjugarða sem ætlað er til grefrana (prestar og verktakar við grafartöku) hefur rýrnað um tugi prósentu á síðustu 8 árum og eru flestir kirkjugarðar landsins í stökustu vandræðum að greiða verktökum. Þegar lögbundnar greiðslur til presta hækka, eins og raun er á, er minna eftir til að greiða verktökum og stærri kirkjugarðar sem eru með starfsmenn og tæki í rekstri eru að sama skapi í vandræðum. Kvörtunum til stjórnar KGSÍ linnir ekki og telja margir starfsmenn kirkjugarða að ekki verði lengur hægt að niðast á verktökum sem fá varla 50% af gildandi taxta fyrir sína vinnu. Þessi vandræði munu enn aukast á næsta ári.

Þetta bréf er ritað til að upplýsa þig um stöðu þessa máls og hvetja þig til að stuðla að því að þessi kostnaðarliður verði settur inn í gjaldalikanið sem reiknar út framlag ríkisins til kirkjugarða. Nefnd sú sem er að störfum og hefur það hlutverk að kanna fjárhag kirkjugarða o.fl. mun væntanlega skila skýrslu til þín í janúar næstkomandi. Ekki er víst að þetta mál fái nægilegt rými í skýrslunni til að þú skynjir alvöru þess. Þess vegna er gerð sérstök grein fyrir því í þessu bréfi.

Með bestu kveðjum,  
f.h. stjórnar KGSÍ,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður.

Afrit sent Hermanni Sæmundssyni, skrifstofustjóra.



Kirkjugarðasamband Íslands  
Þórsteinn Ragnarsson  
Fossvogi  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. mars 2016

Hér með tilkynnist að Kirkjugarðaráð ákvað á fundi sínum 22. febrúar sl. að verða við beiðni Kirkjugarðasambandi Íslands um styrk að fjárhæð **kr. 8 milljónir** úr Kirkjugarðasjóði til að setja inn í greiftrunarsjóð vegna hækkunar á prestkostnaði vegna útfara.

**Skýring:**

Frá því í september 2013 hefur gjaldskrá vegna þjónustu presta við útfarir hækkað um tæp 70%. Hafa allar hækkanir á taxta til presta verið greiddar úr rýrnandi sjóðum kirkjugarða án þess að aukaframlag kæmi á móti. Þetta hefur leitt til þess að greiðsla fyrir grafartöku hefur rýrnað að raungildi og er þessum neyðarstyrk ætlað að koma á mótis við þá skerðingu.

Þessi styrkveiting er hugsuð sem neyðarframlag til greiftrunarsjóð og algerlega sérstakt tilfelli, en ljóst má vera að slík styrkveiting úr Kirkjugarðsjóði gengur ekki til lengdar. Því ítrekar Kirkjugarðaráð þá skoðun sína sem fram kemur í bréfi ráðsins til Innanríkisráðuneytisins þann 9. september 2013 þar sem stendur m.a.

*„ekki sé hægt að velta hækkun á gjaldskrá presta yfir á kirkjugarðana, nema til komi sérstök hækkun á framlagi þeirra til að mæta þeim viðbótarkostnaði sem hlýst af gjaldskrárhækkuninni.“*

Vinsamlegast veitið gjaldkera Biskupsstofu, Hildi Gunnarsdóttur, eftirfarandi upplýsingar um viðtakanda styrks:

**Nafn og heimilisfang, kennitölu, banka-og reikningsnúmer.**

Virðingarfyllst,

  
Guðmundur Rafn Sigurðsson  
frankvæmdastjóri Kirkjugarðaráð



Innanríkisráðuneyti,  
Hermann Sæmundsson,  
skrifstofustjóri.

Reykjavík, 11. mars 2016.

Sæll Hermann!

Langur tími er liðinn frá því að meðfylgjandi bréf var sent til ráðherra, það er dagsett 30.12. sl. Í niðurlagi bréfsins er haft á orði að nefndin, sem fjallað hefur um málefni kirkjugarða, ljúki að líkindum störfum í janúar en það hefur ekki gengið eftir. Einnig kemur fram í bréfinu að ráðherraskipaða nefndin hafi litið fjallað um þetta brýna mál og það beri litið á góma í skýrslu nefndarinnar. Til stóð að fá fund ráðherra í kjölfar undirritunar skýrslunnar til að ræða hana og meðfylgjandi bréf en nú er rúm vika liðin af mars og skýrslan hefur ekki verið undirrituð þó að búið sé að samþykkja efni hennar fyrir nokkrum vikum. Nefndarstarfið og sífelldur dráttur þess að ganga frá og undirrita skýrslu nefndarinnar er kapituli útaf fyrir sig. Þau vinnubrögð eru óásættanleg miðað við þau alvarlegu og brýnu verkefni sem nefndinni var falið að fjalla um og hefur nú haft tæplega 2 ár til að skila álit.

Til efni þessa bréfs er að itreka þá eðlilegu kröfu, að kirkjugarðarnir fái aukaframlag frá ríkinu sem nemur hækkunum til presta umfram hlutfallshækkun framlags ríkisins til kirkjugarða árin 2014, 2015 og 2016, þegar niðurstöður þess liggja fyrir. Visað er til bréfs frá KGSÍ til ráðuneytisins, dags. 23. 09. 2013, þar sem varað var við því að gera samkomulag við PÍ um hækkun þjónustu presta við útfarir án þess að peningar kæmu frá ríkinu á móti. Einnig er hér vísað til bréfs frá ráðuneytinu til Prestafélags Íslands, dags. 15.10. 2013, þar sem rætt er um gjaldskrárhækkun til presta. Í bréfi ráðuneytisins er vitnað í aðvörun kirkjugarðaráðs, þar segir: *„Í svari kirkjugarðaráðs kom m.a. fram að það gerði ekki athugasemd við tillögur félagsins. Þó tók kirkjugarðaráð fram að það teldi liggja alveg ljóst fyrir að kirkjugarðar landsins gætu ekki tekið á sin neinar þær hækkanir sem lagðar væru til í tillögum Prestafélags Íslands“.* Það fer því ekki á milli mála að þú og fleiri embættismenn í ráðuneytinu höfðu fulla vitneskju um skoðun kirkjugarðaráðs, þ.e. að kirkjugarðarnir

gætu ekki tekið á sig þær hækkanir sem orðið hafa og skipta nú tugum milljóna króna og hafa í raun rústað tekjukerfi þeirra.

**Ekkert heyrst frá þér í þessu alvarlega máli.** Eftir 25% hækkun til presta 17.12. 2015 er svo komið að kirkjugarðar í þéttbýli fá ekkert fyrir greftrun duftkers og sáralitið fyrir greftrun kistu. Stjórn Kirkjugarðasambands Íslands mun á næstunni halda neyðarfund og fara yfir þessa stöðu og að þeim fundi loknum mun fréttamönnum gefast kostur á að kynna sér stöðu mála. Það er ljóst að samkomulagið frá 2005 er þverbrotið og fagráðuneytið sýnir þessari samfélagsþjónustu algjört skeytingarleysi.

Meðfylgjandi þessu bréfi er einnig bréf frá kirkjugarðasjóði, dags. 7. mars sl., þar sem fram kemur að styrkur hafi verið veittur úr sjóðnum á yfirstandandi ári til að kirkjugarðar hafi einhvern afgang til að greiða fyrir grafartöku. Þetta eru slæm tímamót, að kirkjugarðasjóður, sem hefur það að meginverkefni að styðja við og aðstoða þá kirkjugarða sem þurfa að fara í nauðsynlegar framkvæmdir eða viðgerðir en hafa ekki hafa bolmagn til þess, þurfi að setja fé í sameiginlegan sjóð kirkjugarða til að þeir geti tekið grafir fyrir látna Íslendinga.

Ef einhverjar fréttir eru frá innanríkisráðuneytinu, sem varða þetta mál og önnur fjármál kirkjugarða, óskar undirritaður eftir því að heyra frá þér um það. Hvað ætlar ráðuneytið að gera í þessu máli og almennt í fjármálum kirkjugarða?

Virðingarfyllt,



Þórsteinn Ragnarsson,  
formaður KGSÍ.

Afrit sent ráðuneytisstjóra.

## Ársreikningur 2015



Björn Sveinsson og Helga Halldórsdóttir, starfsmenn KGSÍ.

Um bókhald og uppgjör reikninga KGSÍ sér Björn Sveinsson, skrifstofustjóri KGRP. Helga Halldórsdóttir, gjaldkeri KGRP, sér um að greiða framlag ríkisins til presta og kirkjugarða landsins og svara fyrirspurnum um þær greiðslur. Ef einhverjar spurningar vakna sem tilheyra þessum verkþáttum er upplagt að spyrja þau.

# Kirkjugarðasamband Íslands

---

Ársreikningur

---

2015

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 23. maí 2016

### Efnisyfirlit

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	2
Áritun skoðunarmanna	3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-10

---



# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

---

## Til stjórnar og hluthafa í Kirkjugarðasambandi Íslands

Við höfum kannað meðfylgjandi ársreikning Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn er einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um ársreikninginn sem byggir á könnuninni. Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2400, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á ársreikningum. Samkvæmt staðlinum eigum við að leggja fram ályktun um hvort eitthvað hafi komið fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd í samræmi við lög um ársreikninga. Staðallinn gerir jafnframt kröfu um að við fylgjum síðareglum.

Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum.


Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við álit um endurskoðun ekki í ljós.

### Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. maí 2016.

**Deloitte ehf.**



Halldór Arason,  
endurskoðandi

# Áritun skoðunarmanna

---

Við kjörnir skoðunarmenn Kirkjugarðasambands Íslands höfum yfirfarið ársreikning fyrir árið 2015 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 23. maí 2016

  
Þjóðbjörn Hannesson

  
Sveinn Valdimarsson

# Skýrsla stjórnar

---

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi og stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Rekstrartekjur ársins 2015 námu samtals kr. 7.960.108 og voru tekjur umfram gjöld af rekstri ársins kr. 2.033.659. Heildareignir námu kr. 9.279.539 og eigið fé í árslok 2015 nam kr. 9.107.330.

Að áliti framkvæmdarstjórnar Kirkjugarðasambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Framkvæmdastjórn Kirkjugarðasambands Íslands staðfestir með undirritun sinni ársreikning sambandsins fyrir árið 2015.

Reykjavík, 23. maí 2016

## Í framkvæmdastjórn



Þórsteynn Ragnarsson  
stjórnarformaður



Smári Sigurðsson  
stjórnarmaður



Guðmundur Rafn Sigurðsson  
stjórnarmaður

# Rekstrarreikningur - almennur rekstur - ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Félagsgjöld og styrkir .....		6.982.200	6.400.200
Tekjur af útgáfustarfsemi .....		977.908	1.266.885
		<u>7.960.108</u>	<u>7.667.085</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Útgáfu- og dreifingarkostnaður .....		1.511.126	1.478.897
Laun og tengd gjöld .....	3	1.457.700	1.308.555
Annar rekstrarkostnaður .....		3.111.343	3.006.308
		<u>6.080.169</u>	<u>5.793.760</u>
<b>Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna og fjármagnsgjalda</b>		1.879.939	1.873.325
Fjármunatekjur .....	4	195.117	114.558
Fjármagnsgjöld .....	5	(41.397)	(40.246)
<b>Tekjur umfram gjöld</b>		<u>2.033.659</u>	<u>1.947.637</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Eignarhlutar í In Memoriam ehf. ....	6	137.502	137.502
		<u>137.502</u>	<u>137.502</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	7	12.000	10.000
Aðrar skammtímakröfur .....	7	109.807	0
Handbært fé .....	7	9.020.230	9.417.684
		<u>9.142.037</u>	<u>9.427.684</u>
<b>Eignir</b>		<u>9.279.539</u>	<u>9.565.186</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigið fé .....	8	9.107.330	7.073.671
Eigið fé		<u>9.107.330</u>	<u>7.073.671</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma .....		0	1.045.144
Aðrar skammtímaskuldir .....	9	172.209	1.446.371
		<u>172.209</u>	<u>2.491.515</u>
Skuldir		<u>172.209</u>	<u>2.491.515</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>9.279.539</u>	<u>9.565.186</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjur umfram gjöld .....		1.879.939	1.873.325
<b>Veltufé frá (til) rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>1.879.939</u>	<u>1.873.325</u>
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun) lækkun .....		(111.807)	1.355.032
Rekstrartengdar skuldir (lækkun) hækkun .....		(2.319.306)	1.923.447
<b>Handbært fé frá (til) rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>(551.174)</u>	<u>5.151.804</u>
Innborgaðir vextir og arður .....		195.117	114.558
Greiddir vextir .....		(41.397)	(40.246)
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>		<u>(397.454)</u>	<u>5.226.116</u>
(Lækkun) hækkun handbærs fjár .....		(397.454)	5.226.116
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>9.417.684</u>	<u>4.191.568</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u><u>9.020.230</u></u>	<u><u>9.417.684</u></u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Kirkjugarðasamband Íslands er samband kirkjugarða á Íslandi sem stendur vörð um faglega hagsmuni þeirra.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Kirkjugarðasambands Íslands fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Almenn stefna sambandsins er að takmarka gjaldeyris- og vaxtaáhættu. Engir framvikrir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá sambandinu.

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. Salan er skráð þegar vara eða þjónusta er afhent og eignaréttur hefur færst til kaupanda. Tekjur sambandsins koma að mestu leyti frá Kirkjugarðasjóði.

### Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu. Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

### Útistandandi tekjur

Útistandandi tekiur eru færðar á nafnverði.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## 3. Launamál

	2015	2014
Laun .....	1.239.824	1.109.450
Launatengd gjöld .....	216.431	197.765
	<u>1.456.255</u>	<u>1.307.215</u>

## 4. Fjármunatekjur

	2015	2014
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	176.145	100.788
Aðrar vaxtatekjur .....	18.972	13.770
	<u>195.117</u>	<u>114.558</u>

# Skýringar

## 5. Fjármagnsgjöld

	2015	2014
Fjármagnstekjuskattur .....	(32.203)	(20.149)
Önnur vaxtagjöld .....	(9.194)	(19.468)
	<u>(41.397)</u>	<u>(40.246)</u>

## 6. Eignarhlutar í félögum

In Memoriam ehf. var stofnað árið 2000. Eignarhlutur Kirkjugarðasambands Íslands í In Memoriam ehf. er að nafnverði kr. 2.000.000 en er bókfærður á kr. 137.502.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
In Memoriam ehf. ....	100%	2.000.000	<u>137.502</u>
			<u>137.502</u>

## 7. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
Innlendar viðskiptakröfur .....	<u>12.000</u>	<u>10.000</u>
	12.000	10.000

### Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2015	31.12.2014
KGSÍ ( framlag til kirkjugarða ) .....	55.915	0
Útistandandi vsk. ....	<u>53.892</u>	<u>0</u>
	109.807	0

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

## 8. Eigið fé

	Samtals eigið fé
Eigið fé 1.1.2015 .....	7.073.671
Tekjur umfram gjöld ársins .....	<u>2.033.659</u>
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>9.107.330</u>



# Skýringar

---

## 9. Aðrar peningalegar skuldir

### Aðrar skammtímaskuldir

	<u>31.12.2015</u>	<u>31.12.2014</u>
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	60.671	74.033
Ógreiddir ýmsir reikningar .....	<u>111.538</u>	<u>1.372.338</u>
	<u>172.209</u>	<u>1.446.371</u>

# Sundurliðanir

2015

2014

## Félagsgjöld og styrkir

Skráning ítarefnis .....	59.000	97.000
Fræðslumál og útgáfa Bautasteins .....	303.200	303.200
Rekstrarstyrkur frá Kirkjugarðasjóði .....	6.500.000	6.000.000
Útseld þjónusta vegna gardur.is .....	120.000	0
	<u>6.982.200</u>	<u>6.400.200</u>

## Tekjur af útgáfustarfsemi

Auglýsingatekjur .....	977.908	1.266.885
	<u>977.908</u>	<u>1.266.885</u>

## Útgáfu- og dreifingarkostnaður

Prentun .....	610.525	667.916
Prófarkalestur og hönnun .....	631.634	614.250
Annar útgáfukostnaður .....	0	45.000
Burðargjöld .....	200.011	109.941
Þökkunarkostnaður .....	68.956	41.790
	<u>1.511.126</u>	<u>1.478.897</u>

## Laun og launatengd gjöld

Vinnulaun .....	1.129.856	1.028.714
Aksturskostnaður .....	109.968	80.736
Tryggingagjald .....	101.468	92.224
Lífeyrissjóður .....	114.963	105.541
Aðrir sjóðir .....	1.445	1.340
	<u>1.457.700</u>	<u>1.308.555</u>

## Annar kostnaður

Aðalfundarkostnaður .....	1.125.942	152.700
Stjórnarfundakostnaður .....	245.950	187.180
Fræðslufundir .....	17.560	2.955
NFKK kostnaður .....	389.074	448.270
Pappír, prentun og ritföng .....	78.668	144.703
Bókhaldsvinna, reikningagerð o.fl. ....	573.047	473.499
Auglýsingar .....	83.775	83.775
Ferðakostnaður .....	122.210	116.000
Kostnaður vegna gardur.is .....	457.345	1.370.322
Annar kostnaður .....	17.772	26.904
	<u>3.111.343</u>	<u>3.006.308</u>

# In Memoriam ehf

---

Ársreikningur

---

## 2015

Án endurskoðunar eða könnunar

---

In Memoriam ehf  
Vesturhlíð 8  
105 Reykjavík  
kt. 451200-2750

# In Memoriam ehf

---

Ársreikningur

---

## 2015

Án endurskoðunar eða könnunar

### **Efnisyfirlit**

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Yfirlit um sjóðstreymi	6
Skýringar	7

---

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

---

## Til stjórnar og hluthafa í In Memoriam ehf.

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2015 fyrir fyrirtækið Deloitte ehf. byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð við gerð ársreiknings.

Við höfum notað faglega þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar að því markmiði að aðstoða fyrirtækið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum fylgt fyrirmælum síðareglna, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

## Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Ársreikningur og þær upplýsingar sem koma fram í honum eru á ábyrgð stjórnar. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum stjórnenda félagsins.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 23. maí 2016

**Deloitte ehf.**



Halldór Arason  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

---

Ársreikningur In Memoriam ehf fyrir árið 2015 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Enginn rekstur var á árinu 2015. Hagnaður ársins nam kr. 762 og er lagt til að hann verði færður til lækkunar á ójöfnuðu tapi félagsins.

Stjórn félagsins staðfestir með undirritun sinni ársreikning félagsins fyrir árið 2015.

Reykjavík, 23. maí 2016

## Í stjórn



Þórsteinn Ragnarsson

stjórnarformaður

# Rekstrarreikningur ársins 2015

---

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhagnaður</b>		0	0
Fjármunatekjur .....	2	876	32
Fjármagnsgjöld .....	3	<u>(114)</u>	<u>(6)</u>
<b>Hagnaður ársins</b>		<u><u>762</u></u>	<u><u>26</u></u>

\* Útvarpsgjald er greitt af eigendum félagsins.

# Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Veltufjármunir</b>			
Handbært fé .....		4.529	3.767
<b>Eignir</b>		<u>4.529</u>	<u>3.767</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	4		
Hlutfé .....		2.000.000	2.000.000
Eigið fé .....		(1.995.471)	(1.996.233)
Eigið fé		<u>4.529</u>	<u>3.767</u>
Skuldir		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>4.529</u>	<u>3.767</u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður .....		0	0
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar rekstartengar eignir (hækkun) lækkun .....		0	0
Rekstartengdar skuldir hækkun (lækkun) .....		0	0
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
Innborgaðir vextir og arður .....		876	32
Greiddir vextir .....		(114)	(6)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>762</u>	<u>26</u>
Hækkun handbærs fjár .....		762	26
Handbært fé í upphafi árs .....		<u>3.767</u>	<u>3.741</u>
Handbært fé í lok árs .....		<u>4.529</u>	<u>3.767</u>

# Skýringar

---

## 1. Reikningsskilaaðferðir

### Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## 2. Fjármunatekjur

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Vaxtatekjur af bankareikningum .....	24	32
Aðrar vaxtatekjur .....	852	0
	<u>876</u>	<u>32</u>

## 3. Fjármagnsgjöld

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Fjármagnstekjuskattur .....	(4)	(6)
Önnur vaxtagjöld .....	(110)	0
	<u>(114)</u>	<u>(6)</u>

## 4. Eigið fé (neikvætt)

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Eigið fé 1.1.2015 (neikvætt) .....	(1.996.233)	(1.996.259)
Hagnaður ársins .....	762	26
Eigið fé 31.12.2015 (neikvætt) .....	<u>(1.995.471)</u>	<u>(1.996.233)</u>